



Veðrið lék við hátíðargesti á Bryggjuhátíðinni

Leikhópurinn Lotta flutti leikritið *Lítaland* við frábærar aðstæður á Bryggjuhátíðinni á Stokkseyri um síðustu helgi. Veðrið lék við hátíðargesti og góð stemning ríkti þegar sýningin fór fram í blíðskapa-veðri. Mynd: Dagskráin/BRV

Umhverfisviðurkenningar afhentar í Hrunamannahreppi

Á þjóðhátíðardaginn hefur skapast sú hefð í Hrunamannahreppi að umhverfisnefnd afhendir umhverfisverðlaun fyrir fallegasta garðinn og einnig Umhverfshrósið fyrir framúrskarandi vinnu að umhverfismálum og getur það hvort sem er verið í eigin garði eða með athyglisverðu starfi sem bætir umhverfi Hrunamanna. Halldóra Hjörleifsdóttir fráfarandi formaður umhverfisnefndar afhenti viðurkenningarnar á hátíðardagskránni þann 17. júní síðastliðinn.

Umhverfisverðlaun Hrunamannahrepps árið 2026 hlutu

Lára Hildur Þórsdóttir og Skúli Guðmundsson í Birtingaholti 3. Í rökstuðningi umhverfisnefndar kom fram að Lára og Skúli hafa lagt metnað sinn í að skapa afar fallegt, snyrtilegt og heildstætt umhverfi í Birtingaholti. Garðurinn þeirra er bæði frumlegur og einstaklega vel hirtur og ber skýrt vitni um natni og umhyggju fyrir nær-umhverfinu. Þá hafa þau einnig unnið markvisst að því að fegra bæjarstæðið með því að taka húsakostinn í gegn og mála allar byggingar í samræmdum stíl, sem gefur staðnum fallega og glæsilega heildarmynd. Umhverfi þeirra í Birtingaholti

er til fyrirmyndar og setur jákvæðan svip á nærumhverfið.

Umhverfshrósið Hrunamannahrepps árið 2026 hljóta Pétur Axel Pétursson og Steinunn G. Kristinsdóttir í Miðhófi 11. Í máli formanns kom fram að Axel og Steinunn hafa undanfarin ár unnið af alúð að því að fegra garðinn sinn og skapa hlýlegt og fallegt umhverfi í kringum heimilið. Metnaður þeirra og ræktarsemi skilar sér sérstaklega vel yfir sumartímann þegar garðurinn stendur í fullum blóma. Blómaskrúðið og snyrtilegt umhverfið setja fallegan svip á hverfið og gleðja bæði íbúa og gesti.



Á myndinni má sjá frá vinstri þau Steinunni og Axel ásamt Láru og Skúla. Mynd: Hrunamannahreppur.

Fáðu fagmann í verkið



PÍPULAGNIR
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656



Framúrskarandi
fyrirtæki 2020-2025

Rafverktakar · Verslun Öryggis-, myndavéla- og loftnetskerfi



Neyðarsími 660 1160

Eyravegi 32 · Selfossi · Sími 480 1160
www.arvirinn.is



Sumar og sólskinstónar í Rangárþingi eystra

Nú í júlí mun Eyrún Huld Ingvarsdóttir bjóða íbúum og gestum í Rangárþingi eystra upp á fallega fiðlutóna á fjórum viðburðum víðsvegar í sveitarfélaginu. Yfirskrift tónleikastundanna er Sumar og sólskinstónar og spannar efniskráin vítt svið, allt frá klassískum einleiksverkum til íslenskra sönglaga og jass-standarda. Meðleikari er Magnea Gunnarsdóttir.

Eyrún Huld er ungur og bráðefnilegur fiðluleikari sem í vor útskrifaðist af klassískri stúdentsbraut Menntaskóla í tónlist og hyggur á framhaldsnám í fiðluleik við Konunglega tónlistarháskólann í Kaupmannahöfn nú í haust.

Skógakirkja mun hýsa fyrstu tónleikastundina sem verður

fimmtudaginn 9. júlí kl. 15. Að kvöldi sama dags verður tónleikastund í Breiðabólstaðarkirkju kl. 20. Þá munu þær stóllur koma aftur á svæðið föstudaginn 24. júlí og gleðja

vismenn á Kirkjuholi kl. 15 þann dag og svo að lokum á Kaffi Langbrók kl. 20 það sama kvöld. Aðgangur er ókeypis og öllum hjartanlega velkominn.



Eyrún Huld Ingvarsdóttir. Ljósmynd: Sunna Ben.

Ætlar að endurheimta heimsmeistaratitil

Hrvergerðingurinn Anna Guðrún Halldórsdóttir tryggði sér nýverið Evrópumeistaratitil í ólympískum lyftingum öldunga þegar hún sigraði í flokki W55-86 kg á Evrópumeistaramótinu sem fram fór í Waregem í Belgíu dagana 19.-27. júní. Þetta er þriðji Evrópumeistaratitill hennar í röð.

Anna Guðrún lyfti 58 kílóum í snörun og 76 kílóum í jafnhendingu, samtals 134 kílóum, sem dugði til gullverðlauna. Auk þess hafnaði hún í glæsilegu 16. sæti af alls 417 konum sem luku keppni, óháð aldurs- og þyngdarflokkum.

„Mér líður bara rosalega vel eftir keppnina. Ég er mjög ánægð með að hafa náð að verja Evrópumeistaratitilinn þriðja árið í röð. Það er alltaf ákveðið stress þegar maður fer af stað í svona mót,“ segir Anna Guðrún í samtali við Dagskrána.

Fyrsti Evrópumeistaratitill hennar kom í Noregi fyrir þremur árum, sá næsti í Albaníu í fyrra og nú bættist Belgía í safnið.

Hitabylgja gerði keppnina erfiða

Að þessu sinni reyndi meira á en áður. Mikil hitabylgja gekk yfir Belgíu á meðan mótið stóð yfir og aðstæður í keppnishöllinni voru krefjandi.

„Það voru aðeins fleiri keppendur og ég var mjög stressuð núna fyrir mótið. Svo var svakalægur hiti sem gerði þetta rosa-

lega erfið. Það var hitabylgja þarna og það var náttúrulega engin loftræsting í íþróttahúsinu. Það var verið að líða yfir fólk sko,“ segir Anna.

Margir keppendur breyttu áætlunum sínum vegna hitans og ákváðu að byrja á lægri þyngdum. Anna Guðrún ákvað hins vegar að halda sig við upphaflega keppnisáætlun.

„Ég hugsaði bara að ég ætlaði að halda mig við mitt plan, sem ég bara gerði. Ég breytti engu og það gekk sem betur fer upp.“

Æfir fimm sinnum í viku

Undirbúningurinn fyrir stórmót er markviss. Anna Guðrún æfir fjórum til fimm sinnum í viku undir leiðsögn Maríu Rúnar Þorsteinsdóttur hjá Hamarsport í Hveragerði.

„María er þjálfarinn minn í Hveragerði og vinkona og hún sér um að prógrammera fyrir mig. Og hún er bara búin að vera að þjálf mig núna, örugglega komin fimm ár. Og hún kom mér í þetta og hafði mikla trú á mér og hefur ennþá trú á mér.“

„Svo má ekki gleyma stuðningsmanni nr. 1, eiginmanni mínum Gunnari Biering. Hann er umboðsmaðurinn minn og sér um þjálfun á mótum erlendis, án hans stuðnings gengi þetta ekki.“

Anna hefur alltaf verið mikil keppnismanneskja. Hún hefur þegar skrifað nafn sitt í söguþækur ólympískra lyftinga. Hún er handhafi sex Evrópu-

meta, þriggja í 86 kílóa flokki og þriggja í flokki 86 kílóum og ofar.

„Ég hef alltaf verið í íþróttum. Ég spilaði handbolta þegar ég var yngri og síðan tók CrossFit við. Ég er bara mikil keppnismanneskja og finnst gaman að keppa.“

Hún segir stressið yfirleitt gera vart við sig löngu áður en mótin hefjast.

„Ég er mest stressuð þrjár til fjórar vikur fyrir keppni. Svo þegar nær dregur róast ég og fæ sjálfstraust, því ég veit hvað ég get.“

Samhliða eigin æfingum er Anna Guðrún líka af og til að þjálfa hjá Hamarsport í Hveragerði.

„Ég þjálfa CrossFit-tíma og svo hef ég verið að þjálfa eldri borgarana, konu- og karlatíma og nú í sumar er krakkanám-skeið í sumar og ég þjálfa þau líka“

Stefnir á heimsmeistaratitilinn

Næsta stóra verkefni er heimsmeistaramótið sem fram fer í Aþenu í Grikklandi í september. Þar stefnir Anna Guðrún á að endurheimta heimsmeistaratitilinn.

„Ég varð heimsmeistari í Finnlandi fyrir tveimur árum en lenti í öðru sæti í Las Vegas í fyrra. Nú langar mig að ná titlinum aftur. Ég held að það sé vel gerlegt.“



Carglass hefur opnað á Selfossi

Öryggi, áreiðanleiki og fagmennska eru okkar einkunnarorð.

Við hjá Carglass erum sérfræðingar í viðgerðum, rúðuskiptum og stillingu á myndavélakerfum í framrúðum.

- Starfsemi í 44 löndum
- Sérþjálfaðir tæknimenn
- Yfir 8 milljónir viðskiptavina þjónustaðir árlega

Bókaðu tíma í dag



Þú getur bókað tíma með því að skanna QR kóðann



CARGLASS

Hrísmýri 2a • 800 Selfoss • carglass@carglass-iceland.is • 530 9100 • www.carglass-iceland.is

AUGLÝSINGAR UM SKIPULAGSMÁL Bláskógabyggð, Hrunamannahreppur

Samkvæmt 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt tillaga aðalskipulagsbreytingar eftirfarandi skipulagsáætlunar:

1. Silfurtún L166897, íbúðarbyggð og breytt skilgreining lands, aðalskipulagsbreyting - 2603007

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti á fundi sínum þann 1. júlí 2026 að kynna breytingu á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032. Í breytingunni felst að hluti lands Silfurtúns L166897 á Flúðum, sem nú er skilgreint sem landbúnaðarsvæði, verði breytt í íbúðarbyggð. Samhliða verður unnin breyting á deiliskipulagi miðsvæðis og garðyrkjunlóða á Flúðum vegna uppbyggingar nýs íbúðarhverfis. Umsagnir bærust á kynningartíma og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins ásamt uppfærðum gögnum.

Samkvæmt 41. gr. og 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur eftirfarandi deiliskipulagsáætlana og deiliskipulagsbreytinga:

2. Skálabrekka Vestri L229116, Lindarbrekkugata, Unnargata og Guðrúnargata, lega, stærð og fjöldi lóða, deiliskipulagsbreyting - 2504067

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 26. júní 2026 að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Skálabrekku Vestri samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin felur í sér breytingar á legu og stærð lóða innan skipulagssvæðisins auk þess sem lóðum er fjölgað úr 21 í 23.

Fyrri auglýsing um gildistöku deiliskipulags verður afturkölluð þar sem athugasemd kom fram um að deiliskipulagið hefði verið auglýst áður en breyting á aðalskipulagi hafði öðlast gildi. Aðalskipulagsbreyting hefur nú tekið gildi og er deiliskipulagstillagan því auglýst að nýju. Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna innan sex vikna frá birtingu auglýsingar þessarar. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast Bláskógabyggð innan auglýsts frests.

Fyrirliggjandi umsagnir og athugasemdir sem borist hafa á fyrri stigum málsins verða lagðar til grundvallar áfram og þurfa því ekki að berast að nýju, nema aðilar kjósi að bæta við eða breyta fyrri athugasemdum.

3. Einholti 2 L180525; Skilgreining svæðis, íbúðar- og atvinnuhús; Deiliskipulag - 2512017

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 26. júní 2026, að auglýsa tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir íbúðar- og útihús og atvinnustarfsemi á jörðinni Einholti 2 L180525

í Bláskógabyggð. Á jörðinni er íbúðarhús og útihús þar sem stundað er kjúklingaeldi og einnig er þar flugbraut. Landeigandi hyggst byggja nýtt íbúðarhús með bílskúr, 5 gestahús, hesthús með reiðhöll, flugskýli og vera með gistingu fyrir allt að 30 gesti. Á núverandi bæjatorfu er fyrirhugað að byggja 2 hús til viðbótar fyrir kjúklingaeldi. Í aðalskipulagi er jörðin skilgreind sem landbúnaðarsvæði og flugbraut. Ekkert deiliskipulag er í gildi á jörðinni.

4. Snorrastaðir L168101; Afmarkaðar 4 lóðir og skilmálar; Deiliskipulagsbreyting - 2606062

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 26. júní 2026, að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi sem tekur til Snorrastaða L168101 í Bláskógabyggð. Í breytingunni felst að afmarkaðar eru 4 lóðir og settir byggingarskilmálar í samræmi við stefnu aðalskipulags fyrir frístundabyggð. Svæðið sem breytingin nær til er 2,3 ha.

5. Laugarvatn L224243; Hleðslustöð á tjaldstæði, afmörkuð lóð; Deiliskipulagsbreyting - 2606052

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 26. júní 2026, að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi sem tekur til tjaldstæðis á Laugarvatni L224243, í Bláskógabyggð. Í breytingunni felst að við aðkomu að tjaldstæðinu er afmörkuð lóð þar sem heimilt er að vera með raffhleðslustæði, og svæði fyrir hestagerði er fært fjær Laugarvatnsvegi.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Hverabraut 6, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni www.utu.is og á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar skipulagsgatt.is/.

Mál 1. innan auglýsingar er skipulagsmál í kynningu frá 9. júlí 2026 með athugasemdarfresti til og með 31. júlí 2026.

Mál 2.-5. innan auglýsingar eru skipulagsmál í auglýsingu frá 9. júlí 2026 með athugasemdarfresti til og með 21. ágúst 2026.

Athugasemdir og ábendingum skal skila inn á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar Skipulagsgáttin undir viðeigandi máli. Einnig má koma á framfæri athugasemdum og ábendingum skriflega á skrifstofu UTU Hverabraut 6, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangið skipulag@utu.is. Fyrirspurnir má senda á netfang UTU skipulag@utu.is.

Sigríður Kristjánsdóttir
Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og Tæknisviðs Uppsveita

Selfossdóttir á leið á Heimsleikana í CrossFit

Selfyssingurinn Bergros Björnsdóttir hefur tryggt sér sæti á heimsleikum í CrossFit, CrossFit Games 2026, sem fara fram í San Jose í Kaliforníu dagana 22.–26. júlí. Bergros, sem er aðeins 19 ára gömul, verður ein af aðeins 30 konum í heiminum sem keppa í einstaklingsflokki á leikunum í ár og eini íslenski keppandinn í einstaklingsflokki.

Þetta verður í fyrsta sinn sem Bergros keppir á heimsleikum í fullorðinsflokki en hún hefur áður keppt þrisvar sinnum á leikunum í unglingsflokki og vann til bronsverðlauna í flokki 16–17 ára árið 2023.

Bergros keppir undir merkjum CrossFit Reykjavík en býr á Selfossi og sinnir stórum hluta daglegra æfinga hjá Gym800. Hún hefur á undanförunum árum tekið miklum framförum og náð eftirtektarverðum árangri á alþjóðlegum vettvangi. Markviss uppbygging, vinnusemi, agi og



mikill keppnishugur hafa skilað henni sæti meðal fremstu CrossFit-kvenna heims.

Ísland á einnig fulltrúa í liðakeppni á heimsleikum. Guðbjörg Valdimarsdóttir frá Hveragerði keppir með CrossFit Reykjavík og Stokkseyringurinn Björgvin Karl Guðmundsson keppir með liðinu Kriger. Það vekur athygli að þrír af fremstu fulltrúum Íslands á leikunum eiga rætur að rekja til Suðurlands.

Fjölskylda Bergrosar færir þjálfara hennar, Eggerti Ólafssyni, sérstakar þakkir fyrir ómetanlegan stuðning og fagmennsku frá upphafi. Einnig er Friðriki Pálssyni, eiganda Hótel Rangár, og starfsfólki Hótel Rangár þakkaður mikilvægur fjárhagslegur stuðningur undanfarið ár.

Hægt verður að fylgjast með heimsleikum í beinni útsendingu á YouTube-rás CrossFit.

Fjögurra ára þjónustusamningur

Nýr fjögurra ára þjónustusamningur við Heilustofnun Náttúrulækningafélagsins í Hveragerði var undirritaður 2. júlí sl. Samningurinn gildir frá 1. janúar 2026 til 31. desember 2029. „Samningurinn markar mikilvægt skref í að efla stöðugleika og fyrirsjáanleika í þjónustu við einstaklinga sem þurfa á sérhæfðri endurhæfingu að halda,“ segir í fréttatilkynningu heilbrigðisráðuneytisins. „Hámarksfjárhæð samningsins nemur tæpum 1,5 milljörðum króna á ári. Með samningnum er tryggður traustur grunnur fyrir áframhaldandi uppbyggingu þjónustunnar en síðasti samningur var gerður árið 2019.“

Gunnlaugur K. Jónsson forseti NLFÍ, Alma Möller heilbrigðisráðherra, Þórir Haraldsson forstjóri Heilustofnunar NLFÍ og Sigurður H. Helgason forstjóri Sjúkratrygginga Íslands og undirrituðu samninginn formlega í Matstofu Jónasar á Heilustofnun síðdegis. Samningurinn gildir til ársloka 2029.

Heilustofnun hefur verið frumkvöðull í áratugi og mikilvægur hlekkur í íslensku heilbrigðiskerfi. „Heilustofnun NLFÍ hefur í áratugi gegnt mikilvægu hlutverki í íslensku heilbrigðiskerfi og er leiðandi á sviði endurhæfingar. Stofnunin



Gunnlaugur K. Jónsson forseti NLFÍ, Alma Möller heilbrigðisráðherra, Þórir Haraldsson forstjóri Heilustofnunar NLFÍ og Sigurður H. Helgason forstjóri Sjúkratrygginga Íslands. Ljósmyndari: Dagný Dögg Steinþórsdóttir.

hefur verið frumkvöðull í þróun þverfaglegar endurhæfingar og mats á árangri meðferða og hefur byggt upp öfluga þekkingu og reynslu sem nýtist einstaklingum víðs vegar að af landinu. Náttúrulækningafélag Íslands hefur frá upphafi verið bakhjarl starfseminnar og átt stóran þátt í uppbyggingu hennar.“

„Við erum mjög ánægð með nýjan samning sem tryggir starfsemi Heilustofnunar til næstu þriggja ára eða til ársloka 2029 og áframhald þeirrar mikil-

vægu endurhæfingar sem hér fer fram,“ segir Þórir Haraldsson forstjóri Heilustofnunar NLFÍ í bréfi til starfsmanna. „Við munum áfram sinna endurhæfingu um 1.350 einstaklinga á ári og sá góði árangur sem við höfum náð fær viðurkenningu með talsvert auknum fjármunum. Þannig er tryggt að sjúklingar munu áfram fá faglega endurhæfingu hjá þeim frábæra hópi starfsfólks sem vinnur á Heilustofnun að því að bæta líðan og lífsgæði sjúklinga.“



Hrátt hreindýr í forrétt

Matgæðingur vikunnar er Páll Jónsson.

Takk fyrir áskorunina.

Ég er mikið fyrir góða forrétti og þetta er einn af þeim. Hann er mikið notaður í veiðiferðum eftir oft mikið slark og vosbúð. Ef ekki er til hreindýrakjöt í frystinum þá er hægt að nota hvaða kjöt sem er, t.d. hrossa-, nauta- eða ærkjöt, bara að velja bita sem eru hæfilega stórir og lausir við sínar og himnur.

Kjöt

300-400 g hreindýrakjöt (best að nota fillet)

Sósa yfir kjötið

2 dl sojasósa (Finnst best að nota saltminni sojasósu, t.d. Kikkoman með grænum tappa)
0,5 dl Sweet chili-sósa
1-3 msk. wasabi-mauk (fer eftir því hversu sterkt þetta á að vera)



Best er að hafa kjötið frosið svo hægt sé að skera það í þunnar sneiðar, síðan er sneiðunum raðað fallega á disk.

Blanda saman öllum hráefnunum í sósunni og smakka til. Gott er að byrja á því að setja lítið af wasabi og bæta frekar við.


Sósunni hellt yfir kjötið og látið standa í ca. 5-10 mín.

Best er að borða réttinn með góðum vinum þar sem drykkir að eigin vali eru í glösum.

Njótið.

Ég skora á vin minn og veiðifélaga til margra ára, Jón Ægi Sigmarsson, að deila með okkur einhverri góðri uppskrift, það verður enginn svikinn af því að fara í mat til hans.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.



Ljóð vikunnar

MEÐ BARNSAUGUM

Ég vil sjá heiminn með barnsaugum, möndlulaga, björtum, tærum og saklausum: Engi með fólki og blómum í vexti, þar er hvorki hungur né fátækt né neitt illt.

Ég vil sjá heiminn með barnsaugum, láta draumaseið minn gæla við mig, ná með annarri hendi að ystu sjónarrönd og komast til stjarnanna upp léttan stiga.

Ég vil ekki sjá heiminn með eigin augum. Þau hafa séð of margt; þau sjá veröldina bak við eilífa móðu á kafi í tárur sem aldrei þorna.

Irma Kurti, Albaníu-Ítalíu úr „Your Image between my Fingers“, Independently Poetry, Chile, 2023

Þór Stefánsson þýddi

Gáta vikunnar

Saman númer sjö og eitt, sjáðu þennan granna. Í henni afla höfum veitt, hafnað - má ei kanna.

Svar við gátu í blaði 2859: FLÍS

- Flíspeysa eða húfa - 2. Tréflís (frá flís í puttann)
- Veggflís eða gólfplís - Kökuflís (lítill kökusneið)



DAGSKRÁIN

Útgefandi: Prentmet Oddi, Gagnheiði 17, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.

Ritstjóri: Björgvin Rúnar Valentínsson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.

Blaðamaður: Sæbjörg Erla Gunnarsdóttir, sími 482 1944, saebjorg@dfs.is.

Auglýsingaeld: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 4.500 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar systur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X

Prentun: Prentmet Oddi Svansvottuð prentsmíða

Um samgöngumál í Sveitarfélaginu Árborg

Nú hefur mikið verið rætt og hugleitt um betri nýtingu á strætó innan Árborgar. Hver verður að keyra þessar leiðir? Nýlega var opnað nýtt útboð og ekki komin endanleg niðurstaða um hver keyrir. Að minnsta kosti er ekki búíð að skrifa undir þegar þetta er ritað 30. maí og mér skilst að það hafi verið 800 þúsund króna munur á þessum tveimur tilboðum. Sá aðili, GT Guðmundur Tyrfingsson, hefur verið að keyra þessar leiðir undanfarin ár, með ágætum árangri. En það hefði mátt vera meiri metnaður ásamt umgjörð og upplýsingum einmitt til að auka ánægju og nýtinguna. Vonandi fer það svo að sá sem fær þennan akstur geri betur eins og mun koma fram í greininni ásamt forsvarsmönnum Sveitarfélagsins Árborgar.

En að kjarna málsins er að ég hef töluvert notað þennan ferðamáta og líkað vel og finnst hann skemmtilegur. En mér finnst nýtingin frekar slök að undanskildum álagstímum tengdum vinnu og skóla. Það væri hægt að gera tilraun til auka og til þess þarf að aðlaga þjónustuna að notendum og sé ég fyrir mér þá kringum íþróttæfingar og æskulýðsstarf barna ásamt félagsmiðstöðum sem ungmenni sækja. Komið hefur upp sú hugmynd að endastöð vagnsins frá Eyrarbakka og Stokkseyri sé við Stekkjarskóla! Mér finnst það vægast illa hugsuð hugmynd og engan veginn verið að hugsa um hag notenda og þeirra sem keyra vagninn. Þar er hvorki skjól, húsnæði né salerni fyrir farþega og bílstjóra sem á rétt á hvíld til að nærast. Þessir þættir hér sem ég nefni þurfa að vera í lagi sé

ætlunin að hafa þetta sem endastöð strætó. Þessi grunnaðstaða kostar mikla peninga sem væri betur varið í annað sem tengist þessari þjónustu.

Mér skilst að þetta sé í höndum Gunnars Eysteins Sigurbjörnssonar, deildarstjóra frístundþjónustu, sem sé alltaf að hugsa þetta fram og aftur með takmörkuðum árangri ásamt sitjandi bæjarstjórn ásamt framkvæmdaraðila sem sér um aksturinn.

Nefnt hefur verið að hafa endastöð við íþróttavöllinn við Engjaveg og er sú hugmynd enn ein vitleysan og engan veginn framkvæmanleg svo vit sé í á nokkurn hátt, því seinnipartinn virka daga og um helgar er mikið um íþróttamót og æfingar, ýmist knattspyrna, frjálssar íþróttir eða handbolti, hinum megin við Engjaveg í Vallaskóla. Þarna er ekki einfalt og í raun vonlaust að finna bílastæði fyrir 20 til 50 manna rútu, og þótt það sé merkt stæði fyrir strætó þá vitum við hvernig umferðarmening er hér á Íslandi, takmörkuð virðing er borin fyrir merkingum. Eiga svo farþegar og bílstjóri að hlaupa upp á íþróttavöll til að bíða í skjóli og til að fara á salerni? Því það er engin slík aðstaða við íþróttavöllinn frekar en við Stekkjarskóla.

Svo vantar ferðaupplýsingar í ramma á stoppistöðvum og jafnvel er þeim ekki skipt út verði breytingar á ferðatíðni. Meira að segja var ferðin frá upphafsstað vagnsins við N1 tekin út sem fór kl. 20:25 tekin út á síðasta ári og ekki skipt um blöð í römmum af hálfu framkvæmdaraðila GT, Guðmundar Tyrfingssonar. Svo eru tvær samliggjandi ferðir frá

N1 kl. 17:37 og 18:48 en vagninn er í um 70 mínútur standist hann tímaáætlun. Vagninn hefur 0 til 5 mín. til að fara í seinni ferðina. Þessi seinni ferð er í raun ónýt því fjölskyldur eru yfirleitt að borða saman heima kl. 19. Það hefði verið mikið sniðugra að halda inni tveimur ferðum eftir kl. 19, sé vilji til að aðlaga þjónustuna fyrir notendur. Svo varðandi þá hugmynd að hafa 1 til 2 vagna sem eru bara á Selfossi er sniðugt en það þarf að útfæra það nánar og fer það eftir fjölskyldusamsetningu á Selfossi hvar hann keyrir og hvaða stofngötur en hann á þá að hafa þetta tíðni í kringum íþróttir og æskulýðsstarf.

Mín tillaga eða hugmynd er að vagninn sem kemur frá ströndinni eigi eftirtaldir stoppistöðvar: nr. 1 við Nettó Eyrarvegi, nr. 2 við Ráðhús/Krónuna/Bókasafn, nr. 3 við sundlauginna við Tryggvagötu, nr. 4 við Íþróttavöllinn við Engjaveg og nr. 5 á Larsenstræti við Byko eða Húsasmíðjuna. Núverandi stoppistöð á Langholti er illa staðsett í umferðinni og svo færi vagninn áfram í hringtorg austan við Bónus því það getur verið afar erfitt að þvera Austurvegin sem einmitt riðlar tímaáætlun oft. Svo er síðasta stopp við N1 þaðan sem allir vagnar fara áfram til Reykjavíkur, uppsveitir, Hellu, Hvolsvöll, Vík og Höfn í Hornafirði. Þannig myndast tenging við aðra vagna. Sú tenging er ekki fyrir hendi sé önnur endastöð einhvers staðar úti í bæ. Svo fer Árborgarvagninn öfugan hring frá N1 og byrjar á stoppistöð 5,4,3,2,1 og þaðan á Eyrarbakka og Stokkseyri. Svo mætti koma fyrir gaumljósi

sem farþegi í Tjarnarbyggð gæti ýtt á takka og það logaði í t.d. 5 mín. til að bílstjóri sæi hvort farþegi sé að bíða þar því það getur verið erfitt að sjá fólk þar sem það er oftast dökkklætt og jafnvel í skammdeginu.

Eins mætti seinka síðasta vagninum sem fer frá N1 kl. 21:43 til t.d. 22:15 svo fólk sem fer í miðbæinn að borða og fá sér drykk nái svo síðasta vagninum heim aftur á ströndina. Þetta á eins við um börn og unglíngla sem t.d. fara í bíó.

Til að móta þessa hugmynd væri gott ef aðilar frá akstursfyrirtækinu og Sveitarfélaginu Árborg myndu líta upp úr Excelskjalinu og tölvunni og hafa viðkomandi bílstjóra með í mótun á þessari þjónustu. Mín tillaga er að þeir sem skipuleggja þetta allt að taka sér dag og vera um borð í vagninum og sjá í raun tíma hvað má betur fara og hvað er gott! Ásamt því að hlusta á bílstjóra því þeir þekkja þarfir farþega langbest.

Svo mætti skoða það hvort bæjarstjórn Ölfuss vilji koma inn í þetta fyrirkomulag, sé vilji hjá þeim væri best að vagninn fari um Óseyrarbrú því þetta er eitt og sama atvinnusvæði og líka þeirra sem þurfa á þjónustu að halda beggja megin Óseyrarbrúar. Mér skilst að það sé strætó Þorlákshöfn-Hveragerði sem er ágætt en best væri að tengingin fyrir Árborg og Ölfus færi um Óseyrarbrú. Þessi hugmynd mín kæmi sér afar vel þegar Smyrilline kemur með farþegaferju í Þorlákshöfn sem er ekki spurning hvort heldur hvenær. Þetta er kannski seinni tíma mál en samt gott að hugleiða líka.



Sigurbjörn Snævar Kjartansson

áhugamaður um betri Árborg

Að lokum mætti merkja Árborgarvagnana skýrt á báðum hliðum, Árborgarstrætó er frír valkostur og setja upp strætóskýli á allar stoppistöðvar því fátt er leiðinlegra en að bíða eftir strætó í roki, rigningu og snjókomu eins og íslensk veðráttá er hjá okkur. Lykilatriði er að hafa skýrar upplýsingar í römmum á stoppistöðvum því ekki eru allir færir í internetinu eins eldra fólk og erlendir ferðamenn, sem þurfa líka að skilja hvernig þessi þjóstá virkar.

Að lokum væri gaman að heyra sjónarmið þeirra sem fara með þessi mál öll, t.d. hér í blaðinu, eða á Facebook íbúar Árborgar.

Sigurbjörn Snævar Kjartansson áhugamaður um betri Árborg





Til sölu á Laugarvatni

HVERABRAUT 16-18 LAUGARVATNI

Fasteignin stendur á gullfallegum stað þar sem óviðjafnanlegt útsýni er yfir vatnið og nágrenni þess. Laugarvatn er við Gullna hringinn og felast því mikil tækifæri í uppbyggingu á svæðinu.

Hverabraut 16 - 18 er 1.394 fm bygging sem áður var nýtt sem heimavist og hentar því vel sem grunnur að margskonar uppbyggingu. Hægt er að nýta núverandi byggingarheimild skv. samþykktu deiliskipulagi til stækkunar innan lóðar um 422 fm.

Bláskógabyggð, sem er eigandi byggingarinnar, leitast eftir traustum kaupanda að eigninni sem hefur það að leiðarljósi að styrkja góða uppbyggingu á svæðinu.

Óskað er eftir tilboðum í eignina og að áhugasamir kaupendur geri grein fyrir áformum um nýtingu fasteignarinnar.

Bláskógabyggð mun hafa slík áform til hliðsjónar við mat á tilboðum.

Upplýsingar veitir Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri, í síma 891 8991 eða á asta@blaskogabyggd.is.

www.blaskogabyggd.is



FUNDIR



Krabbameinsfélagið

OPNUNARTÍMAR

Mánudaga kl. 11-14
Opíð hús

Þriðjudagar kl. 11-13
Upprekjur

Þriðjudagar kl. 14:-16
Unga fólkíð

Miðvikudagar kl. 11-14
Opíð hús

Fimmtudagar lokað
Viðburðir auglýstir sérstaklega á
Brossiðunni

Föstudagar kl. 11-13
Opíð hús

Fyrsta þriðjudag í mánuði
Karlahöpurinn Smáramir kl. 18

Eyravegur 31, Selfossi

Sími 482 1022 og 788 0300
arnessysla@krabb.is
krabbameinsfelagarnessyslu.net

Facebook: Krabbameinsfélag
Arnessýslu/Brossið/Smáranir

AI-Anon Selfossi

AI-Anon fundir - einn dagur í
einu, alla laugardaga.
Nýliðafundur hefst 9:30 og
AI-Anon fundur strax að
honum loknum klukkan 10:00.

AI-Anon Selfossi

AI-Anon fundir á þriðjudögum
í Hrísholti 8. Nýliðafundur kl.
20:00. Fundur kl. 20:30.

AA

Mán. kl. 20:30 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA opin fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa kro-
kus. Poniedziałek i czwartek i
sobota godzina 19:00. Hrísholt
8 - 800 Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni

Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi
1, Þorlákshöfn
Mánudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg

Fundur í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, neðri
hæð, miðvikudaga kl. 19:30.

AA fundir í Hveragerði í húsi

Rauða krossins. Mánamörk 1
Mánudaga Kl.18 - Konur
Fimmtudaga Kl.18 -
Sporafundur - Konur

ÞJÓNUSTA



Daglegar ferðir

SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

Fjárheimar ehf.

Eyravegi 37, 2h - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

Allt fyrir
sumarhúsið
og garðinn

Palla og skjólgirðingar

Viðbyggingar og
breytingarnar

Viðhald og endurbætur

Lýsingar og raflagnir

Jens sími: 778-7171

lögildur húsamiða og
rafvirkja meistari
jgrettisson@gmail.com



RAFVÉLATÆKNI

LÖGILTUR RAFVEIKTAKI

Vantar þig rafvirkja?

Athilða rafveiktaka
Sérfræðisekkingu í stjórnmálum,
mótorstyringum og vélátengdum lausnum

HAFDU SAMBAND

419-8700 | rvt@rvt.is
www.rvt.is

HEILSA

Heilsa

Augnlestur, heilsuráðgjöf,
svæðanudd og dáleiðsla.
Heilsulindinni í Miðgarði.

Einnig fræðsla og ráðgjöf fyrir
fjölskyldur, vinnustaði og litla
hópa í heimahúsum.

Heiðar Ragnarsson
S. 8981501

Kærleikur og tími

Kærleikur og tími er yfir-
skrift næstu tónleika á Tón-
listarhátíðinni Englar og menn
í Strandarkirkju sem haldnir
verða sunnudaginn 12. júlí nk.
kl. 14. Þar koma fram dúóíð
Siggi&Ingibjörg, þau Ingibjörg
Fríða Helgadóttir sem syngur
og leikur á slagverkshljóðfæri
og Sigurður Ingi Einarsson sem
syngur, leikur á gítar og slag-
verkshljóðfæri. Þau bjóða upp á
ferðalag um íslenska tónlist í tali
og tónum, frá tvísöng til söng-
laga nútímans.

Siggi og Ingibjörg hafa
starfað undanfarin ár bæði við
lifandi flutning og tónsmíðar
en einnig leitt skapandi verk-

KIRKJUR

Hveragerðiskirkja

Sunnudaginn 12. júlí kl. 14.
Guðsþjónusta í Hveragerðiskirkju
í umsjón Félags fyrrum þjónandi
presta. Séra Kjartan Jónsson
þjónar fyrir altari og Kristín
Waage leikur á orgelið.
Kirkjukaffi í safnaðarheimilinu að
athöfn lokinni.

Selfoskirkja

Kvöldmessa í Selfoskirkju
sunnudaginn 12. mars kl. 20.00.
Félagar úr kirkjukór Selfoskirkju
syngja undir stjórn Esterar
Ólafsdóttur. Prestur Anna
Eiríksdóttir.

Hvítasunnukirkjan Selfossi

Samkoma á sunnudögum kl.
11:00. English translation ava-
ilable. Unglingasamkomur á
fimmtudögum kl. 20:00. Allir inni-
lega velkomnir.
Hvítasunnukirkjan Selfossi,
Austurvegi 40b.

Skálholtsdómkirkja

Messa sunnudaginn 12. júlí kl.
11. Sr. Kristín Þórunn
Tómasdóttir sóknarprestur þjón-
ar fyrir altari og prédikar. Jón
Bjarnason dómorganisti leikur á
orgel og flygil. Barnaborðið er
ávallt á sínum stað. Innilega vel-
komin.

Úthliðarkirkja

Sumarmessa á 20 ára afmæli
Úthliðarkirkju 12. júlí kl. 14. Saga
Úthliðarkirkju rifjuð upp og heið-
uð. Sr. Kristín Þórunn
Tómasdóttir sóknarprestur þjón-
ar fyrir altari og prédikar. Jón
Bjarnason dómorganisti leikur á
orgel og flygil. Kirkjukaffi í
Réttinni og verið innilega vel-
komin.

HEILSA

Energy Touch
- Nudd
- Heildræn
meðhöndlun

Jákvæðar
hugsanir
breyta deginum

Ragnhildur
Sigurðardóttir
Sími 693 2197
ragnhildurgagga.is

Cand.mag. í íþróttfræðum,
nálastungur, yoga,
NLP-master/coach,
heilsuuddari,
Hugræn atferlismeðferð,
meta medicine.

efni og tónlistarsmiðjur með
fjölbreyttum hópum. Þau hafa
hlotið innlendar og erlendar til-
nefningar og verðlaun fyrir störf
sín (Lúðurinn og YAM - young
audiences music).

Tónleikadagskráin sem þau
flytja í Strandarkirkju þann
12. júlí varð til í tónlistarhúsi-
inu Hörpu. Undanfarin ár hafa
þau tekið reglulega á móti inn-
lendum og erlendum hópum og
farið með þá í ferðalag um ís-
lenska tónlistarsögu á lifandi og
skemmtilegan hátt. Á tónleik-
unum flytja þau lög og segja frá
þeim í tímaröð; byrja á tvísöng
og þjóðlögum, fara síðan yfir í
klassísk íslensk sönglög, dægur-
lög, popp og rokk – allt fram til
dagsins í dag.

Miðaverð er kr. 5000 og kr.
4500 fyrir 65+.

Miðasala er við innganginn.
Tónlistarhátíðin Englar og menn
stendur yfir í júlímánuði með
tónleikum kl. 14. Nánar upp-
lýsingar um tónlistarhátíðina og
næstu viðburði er á Facebook-
síðu hátíðarinnar.

Sigurður Ingi Einarsson er
lagahöfundur, hljóðfæraleikari
og tónlistarkennari. Hann lauk
burtfararprófi í slagverki frá FÍH

og BA-gráðu í skapandi tón-
listarmiðlun frá LHÍ árið 2014.
Sigurður Ingi er virkur í íslensku
tónlistarlífi, leikur með ýmsum
hljómsveitum og sinnir jafn-
framt fjölbreyttum verkefnum
á sviði tónlistar, auk reglulegrar
tónlistarkennslu við Tónskóla
Sigursveins, Fellaskóla og Fjöl-
brautaskólann í Breiðholti. Sig-
urður Ingi semur tónlist og texta
undir eigin nafni og væntanleg
er fyrsta sólóplata hans undir
listamannsnafninu SUÐUR.

Ingibjörg Fríða Helgadóttir er
söngkona með fjölbreyttan bak-
grunn í tónlist. Hún hefur lokið
burtfararprófi í bæði klassískum
og rytmískum söng, auk BA-
gráðu í skapandi tónlistarmiðlun
frá Listaháskóla Íslands. Hún
kemur reglulega fram hérlandis
og erlendis, bæði sem einsöng-
vari og í hóp. Ingibjörg Fríða er
meðlimur í atvinnukammer-
kórnum Cantoque Ensemble,
en kemur einnig fram með fjöl-
breyttum kammerhópum og
hljómsveitum á tónleikum og í
upptökum þvert á tónlistarstíla.
Hún hlaut tilnefningu til söngs
ársins í djassflokkum á Íslensku
tónlistarverðlauninum árið
2024.

Útgáfa og sýningaropnun –
Fegurð í Firði

Bókin Fegurð í Firði er vönd-
uð myndabók með prós-
um eftir Gyrði Elíasson
og myndum eftir Hallgrím Tómas
Ragnarsson. Hún er gefin út
laugardaginn 4. júlí. Samhliða
útgáfu bókarinnar verður opnuð
sýning á verkum úr bókinni
í Gallerí Kambi í Holtum í
Rangárþingi Ytra þar sem aðilar
frá Píeta samtökunum mæta og
taka táknrænt á móti þessari fal-

legu gjöf frá þeim Hallgrími og
Gyrði.

Andvirði af sölu bókarinnar
og verkanna rennur óskipt
til Píeta samtakanna en þau
sinna meðferðar- og forvarnar-
starfi gegn sjálfsvígum og sjálfs-
skaða og styðja við aðstandendur.
Þessi veglega bók verður til
sölu á vefsíðu Píeta samtakanna
aok þess að vera til sölu á sýn-
ingunni í sumar í Gallerí Kambi.



Stjarnfræðilega skemmtilegur sumarlestur

Líkt og undanfarin 32 ár var efnt til sumarlesturs í júní á Bókasafni Árborgar á Sel-fossi. Þema þessa árs var himin-geimurinn og af því tilefni kom Sævar Helgi Bragason rithöfundur í heimsókn og sagði m.a. frá sólmyrkvanum sem verður þann 12. ágúst næstkomandi. Ímyndunaraflíð fékk líka að leika lausum hala og Sigurjón Guðbjartur Jónasson stýrði fönðursmiðju þar sem urðu til geimverur og plánetur auk barmmerkja. Lokadagur sumar-

lesturs var svo gríðarlega fjöru- og lauk með pompi og prakt í ratleik þar sem reyndi á þekkingu þátttakenda á himin-geimnum.

Það eru þær Raket Sif Ragnarsdóttir og Esther Erla Jónsdóttir, sérfræðingar á Bókasafni Árborgar sem sjá um allan undirbúning sumarlestursins.

Starfsfólk bókasafnsins þakkar öllum kærlega fyrir þátttöku og hvetur alla krakka á öllum aldri til að halda áfram að lesa og lesa í allt sumar.



Auglýsing um skipulag



Eftirtaldar skipulagstillögur eru auglýstar skv. 30. og 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillögurnar eru til umsagnar í skipulagsgátt og er hverjum þeim aðila sem telur sig eiga hagsmuna að gæta gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar þar.

Árbæjarhverfi - breyting landnotkunar úr samfélagsþjónustu í íbúðasvæði - breyting á aðalskipulagi

Lögð er fram breyting á aðalskipulagi fyrir Árbæjarhverfið. Skipulagsbreytingin felur í sér að landnotkun verði breytt úr samfélagsþjónustu í íbúðasvæði.

Tillagan var samþykkt til auglýsingar á fundi bæjarstjórnar þann 02. júlí 2026.

Íðnaðarsvæði sunnan Bolaöldu - nýtt deiliskipulag

Lagt er fram nýtt deiliskipulag fyrir íðnaðarsvæði norðvestur af Geitafelli. Deiliskipulagið felur í sér staðsetningu tveggja borplana fyrir rannsóknarborholur. Gert er ráð fyrir framlengingu vegslóða sem liggur frá Litla Sandfelli norður fyrir Geitafell.

Tillagan var samþykkt til auglýsingar á fundi bæjarstjórnar þann 26. febrúar 2026.

Litla kaffistofan - Ferðapjónusta - nýtt deiliskipulag

Lagt er fram nýtt deiliskipulag fyrir lóð litlu Kaffistofunnar. Þar sem til stendur að reka ferðapjónustu tengda fjórhjólum- og norðurljósaferðum.

Tillagan var samþykkt til auglýsingar á fundi bæjarstjórnar þann 02. júlí 2026.

Framkvæmdaleyfi - Óseyrarbraut - prufuholur Hafnarnes fasteignir ehf sækir um framkvæmdaleyfi til jarðvegsrannsókna við Óseyrarbraut. Tilgangur rannsóknarinnar er að rannsaka jarðvegsaðstæður, meta burðarhæfni og afla upplýsinga sem nýtast við hönnun og undirbúning fyrirhugaðar uppbyggingar. Grafnar verða þrjár prufuholur á hverjum af þremur reitum við Óseyrarbrautina sem verða afgirtar meðan á rannsókn stendur.

Sigurður Steinar Ásgeirsson
Sviðsstjóri
Skipulags- og lögfræðisvið

Vakin er athygli á að samkvæmt 52. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 73/2020 og 2. mgr. 6. gr. laga nr. 160/2010, má kæra ákvarðanir sveitarstjórnar um samþykkt aðalskipulagsbreytinga og deiliskipulagsáætlaða til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Um kærufrest fer samkvæmt 3. mgr. 52. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, þar sem kveðið er á um fjögurra vikna kærufrest frá birtingu ákvörðunar í B-deild Stjórnartíðinda.

Ákvörðun sveitarstjórnar um útgáfu framkvæmdaleyfis samkvæmt 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 2. mgr. 14. gr. sömu laga og 5. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi, er sjálfstætt kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011. Kærufrestur vegna slíkrar ákvörðunar er einn mánuður, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011.

Um meðferð kærumála gilda ákvæði laga nr. 130/2011, reglugerðar nr. 1300/2011 um málsmeðferð fyrir úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála, auk ákvæða stjórnisýslulaga nr. 37/1993, einkum um kærumeimild, sbr. 26. gr., andmælarétt, sbr. 13. gr., og rannsóknarreglu, sbr. 10. gr. stjórnisýslulaga.

Kæru skal beint til úrskurðarnefndarinnar að Borgartúni 21, 105 Reykjavík, eða með rafrænum hætti í gegnum kærugátt Stjórnarráðs Íslands á www.stjornarradid.is

Auglýsing um skipulagsmál í Rangárpingsi eystra



Samkvæmt 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst tillaga að deiliskipulagi:

Austurvegur 10 á Hvolsvelli - Deiliskipulagsbreyting

Deiliskipulagsbreytingin gerir ráð fyrir stækkun lóðarinnar og nýjum byggingarreit B2 undir bílapvottastöð og 130 m² byggingu tengda starfseminni.

Ofangreinda tillögu er hægt að kynna sér á heimasíðu Rangárpings eystra, á Skipulagsgátt HMS og á viðtalstíma hjá skipulags- og byggingarfulltrúa að Austurvegi 4, Hvolsvelli. Umsagnar- og athugasemdarfrestur tillögunnar er frá 17. júlí til og með 20. ágúst 2026. Athugasemdum skal skila skriflega í gegnum Skipulagsgáttina eða til skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárpings eystra að Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli.

Skipulags- og byggingarfulltrúi Rangárpings eystra

Endurmenntun atvinnubílstjóra
Akstursþjálfun - Meirapróf

okuland.is



PÚLSINN
Raf & kæliþjónusta

Kæli & Frystikerfi
Viðgerðir · Þjónusta
Nýsmíði · Rafmagn

Sími: 760-5670 · pulsinn@pulsinn.com

FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

prentmet
heildarlausnir í prentun

FÁÐU TILBOÐ
Í PINN PALL

899 0979 848 0964
ÖRN GÍSLI

WWW.SOLPALLUR.IS



SÓLPALLUR
Fagmennska - Gæði - Áreiðanleiki



LAGNIR

ALHLIÐA PÍPULAGNINGA
VERKTAKAR

Eyjólfur - Sími 888 8001
Guðjón - Sími 888 8002

800lagnir@800lagnir.is

LAGNALAND
LAGNALANDS
ÁREIÐANLEGIR
PÍPULAGNINGAVERKTAKAR
Sími 769 0001 (Halli) - 800 Selfossi
lagnaland@lagnaland.is LAGNALAND EHF.

Bílasprautun - Bílaréttingar
Bíruðskipti
Bilverk BA
Far sem
fagmennirnir vinna
★★★★★
Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424
bilverkba.is

BRAGA AF
VINÁTTU!
Fæst hjá
BYKO Selfossi

STÍFLULOSUN
SUÐURLANDS
VIÐ ELSKUM
STÍFLUR!
DÆLUBÍLAPJÓNUSTA
OG STÍFLULOSANIR
510 1180 - 669 8441
Hellismýri 14 800 Selfoss stiflulosun.is

GB Hús
NÝSMÍÐI | VIÐHALD | PALLASMÍÐI
ÖLL ALMENN
SMÍÐAVINNA
Löggiltir húsasmíðameistarar
848 0964 899 0979
GÍSLI ÖRN
GBHUS@GBHUS.IS

SAGTÆKNI EHF
STEYPUSÖGUN
KJARNABORUN
MÚRBROT
sími 567 4262
sagtaekni@sagtaekni.is - www.sagtaekni.is

LÖGGILTUR
HÚSASMÍÐAMEISTARI
NÝSMÍÐI · VIÐHALD · BREYTINGAR
KARL S:692-2575
800SMIDI@GMAIL.COM S: 692-2575
800 SMÍÐI

Pípulagnir Júlla
Persónuleg þjónusta
Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir
Sími 772 1456 - ornja@bnet.is - www.pipulagnirjulla.is

Lagnþjónustan ehf
Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir
Lagnir og Lausnir ehf
Ykkar óskir, okkar lausnir
Kristinn 660 1580 Einar 660 1581 lagniroglausnir.is

**VÉLSMÍÐJA
SUÐURLANDS ehf**
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980
Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmíði
Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

Sprettur
ÁBURÐUR
Skeljungur
Lúðvík Bergmann, Viðskiptastjóri
GSM: 840 3009

**Stíflupjónusta
Sævars Selfossi**
Sími: 861 1919 YFIR
stifla.selfoss@gmail.com 20 ÁRA
REYNSLA
Stíflulosun úr lögnum
Myndun lagna
Rótarskurður o.fl.

NÝTT
Vinnuvélanámskeið
á netinu!
www.vinnuvelaskolinn.is